

Ársskýrsla Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

2009



Ársskýrsla Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009

Gefin út í maí 2010

Ábyrgð: Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs

Tölfræði: Hallgerður Inga Gestsdóttir

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir

Ljósmyndir: Frá ýmsum leikskólum Reykjavíkurborgar, viðburðum og starfsemi Leikskólasviðs

Helstu heimildir:

Fundargerðir leikskólaráðs Reykjavíkurborgar

Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

Niðurstöður rannsókna og kannana

Fréttir og fleira á vefsíðu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, www.leikskolar.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns leikskólaráðs	4
Frá sviðsstjóra	5
Stiklað á stóru 2009	6
1 Leikskólaráð Reykjavíkurborgar	8
2 Leikskólasvið – helstu verkefni	11
3 Leikskólastarf í tölum	17
4 Starfsemi leikskóla	19
5 Dagforeldrar	25
6 Verðlaun og styrkir leikskólaráðs	26
7 Námsferðir og erlend samskipti	28
8 Ráðstefnur og viðburðir	29
9 Ársreikningur 2009	31
10 Útgefið efni	34
11 Yfirlit yfir leikskóla Reykjavíkurborgar 2009-2010	35

Ávarp formanns leikskólaráðs

Síðustu tvö ár hefur borgarstjórn unnið einhuga að því að verja grunnþjónustuna á meðan kreppir að í efnahagsmálum. Grunnþjónusta felur í sér almenna lögbundna þjónustu, þjónustu leik- og grunnskóla og velferðaðþjónustu. Augljóst er að þetta verkefni krefst útsjónarsemi og áræðni og á árinu voru starfsmenn borgarinnar afar samtaka í að rýna í kostnað og hagræða. Það ber að þakka fyrir þá vinnu. Hún mun halda áfram á næstu árum og því brýnt að fá starfsmenn og foreldra að borðinu til að ræða hugmyndir, lausnir, áhyggjur og áhrif hagræðingar á gæði náms og þjónustu við börnin.



Í þessu sambandi er mikilvægt að læra af reynslu annarra þjóða sem gengið hafa í gegnum svipaðar þrengingar. Sérstaklega er gagnlegt að horfa til reynslu Finna, því langtímaáhrif kreppu á börn og ungmenni koma ekki í ljós fyrr en löngu eftir að samdráttarskeiði lýkur. Oft er dulið í fyrstu hvaða áhrif breytingar á þjónustu geta haft. Til dæmis getur einföld breyting eins og minni gæsla á leikvöllum haft áhrif á öryggistilfinningu barna sem aftur getur haft áhrif á margt í lífi þeirra til framtíðar. Því er mikilvægt að vakta vel líðan barna og umhverfis þeirra eins og gert hefur verið með verkefninu *Börnin í borginni* frá því á haustmánuðum 2008.

Á árinu 2009 náðist mikilvægur áfangi þegar samþykkt var metnaðarfull og skýr sérkennslustefna Leikskólasviðs sem er afar aðgengileg fyrir foreldra. Hún var sett fram með það að markmiði að gera betur til lengri tíma og að foreldrar hefðu góðar upplýsingar um rétt barnsins sem og reglur um úthlutun sérkennslufjármagns. Að auki var byrjað á tilraunaverkefni sem menntamála-ráðherra styrkti til eins árs í janúar 2009 og tryggir að starfsmenn á Sólborg og Múlaborg hafi svigrúm til að styðja við foreldra og aðra skóla í að miðla þekkingu sinni í sérkennslumálum. Sólborg og Múlaborg eru leikskólar með sérþekkingu á þjónustu fyrir fötluð börn.

Reykjavíkurborg hefur ávallt haft mikinn metnað í leikskólamálum og eru útgjöld til málaflokksins skv. fjárhagsáætlun 2010 um 7% hærri að raungildi en á árinu 2006. Margt hefur áunnist á þeim tíma. Aldrei fyrr hafa foreldrar yngri barna í borginni haft jafn marga valkosti. Um 6.700 börn eru í leikskólum borgarinnar, auk þess sem allt að 800 börn þiggja þjónustu dagforeldra og um 700 foreldrar fá þjónustutryggingu. Þá hefur ánægja foreldra aukist, en samkvæmt nýlegri könnun eru 95% þeirra ánægðir með leikskóla borgarinnar. Fagfólki hefur einnig fjölgað í leikskólunum þó vissulega hafi verið miklar sveiflur í starfsmannahaldi á undanförunum árum. Þótt nú blási á móti í efnahagsmálum þjóðarinnar er mikilvægara en nokkru sinni að haldið verði áfram að byggja upp metnaðarfulla leikskólaþjónustu, enda til mikils að vinna fyrir börn, foreldra og samfélagið allt þegar til lengri tíma er litið.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Frá sviðsstjóra

Leikskólasvið fór ekki varhluta af efnahagsþrengingum á árinu. Í mars var leitað eftir hugmyndum allra starfsmanna um leiðir til að hagræða í rekstri borgarinnar. Fleiri hundruð tillögur bárust og mörgum þeirra var hrint í framkvæmd. Borgaryfirvöld settu fram skýr markmið um að verja störf, halda gjaldskrár óbreyttum og standa vörð um þjónustu borgarinnar. Þau voru höfð að leiðarljósi við fjárhagsáætlun. Sú vinna hófst í sumarbyrjun og reyndi mikið á stjórnendum þar sem kafa þurfti enn dýpra til að áætlun sviðsins rúmaðist innan fjárhagsramma. Þá var mikið rætt meðal foreldra og leikskólastarfsfólks hvort of langt væri gengið í hagræðingartillögum. Góður rekstur margra leikskóla á árinu sýndi hins vegar að með góðri stjórnun, samstilltu hópi starfsfólks, ráðgjöf og eftirfylgni gátu leikskólarnir haldið sig innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.



Metnaðarfullt starfsfólk hefur allt að segja fyrir nám og leik yngstu borgarbúanna í leikskólum borgarinnar. Háskólamenntaðir starfsmenn hafa aldrei verið fleiri en haustið 2009 eða um 57% starfsfólks. Að auki eru tugir starfsmanna sem lokið hafa leikskólaliðanámi og Eflingarstarfsfólk sem margt hvert hefur unnið í leikskólunum svo áratugum skiptir. Starfsmannakönnun sem gerð var á árinu sýndi svo ekki er um villst að starfsfólk Leikskólasviðs er ánægðast meðal borgarstarfsmanna. Þetta ber fyrst og fremst að þakka hversu vel leikskólastjórar halda utan um sitt fólk. Þá sýnir könnun meðal foreldra að þeir eru mjög ánægðir með leikskólana, 97% þeirra segja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Niðurstöður sem þessar sýna stjórnendum jafnt sem starfsfólki að unnið sé faglega og af einlægni og gleði.

Fimm leikskólaráðgjafar, sem höfðu starfað á þjónustumiðstöðvum borgarinnar, fluttust yfir á skrifstofu Leikskólasviðs í ársbyrjun. Þessar fagkonur settu strax mikinn svip á starf leikskólaskrifstofu og auðuguðu faglega umræðu. Þá fluttist innritun að stærstum hluta til aðal-skrifstofu en þjónustumiðstöðvar borgarinnar aðstoða foreldra við innritun þegar til þeirra er leitað.

Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, Hildur Skarphéðinsdóttir, fór í fjögurra mánaða leyfi til að ritstýra vinnu við gerð nýrrar aðalnámskrár leikskóla hjá menntamálaráðuneytinu. Þeirri mikilvægu vinnu er ólokið og mun Hildur áfram sinna henni samhliða starfi sínu hjá sviðinu.

Mikilvægur áfangi náðist þegar leikskólaráð, menntaráð og íþrótt- og tómstundaráð samþykktu tillögu um skólalund í Úlfarsárdal sem felur í sér samrekstur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis. Skólinn mun taka til starfa í ágúst 2010. Þá var samþykkt í leikskólaráði að fara í tilraunaverkefni um samrekstur tveggja leikskóla, Tjarnarborgar og Öldukots, með það að markmiði að auka gæði leikskólastarfs og nýta enn betur fjármagn. Ofangreindar samþykktir komu í kjölfar nýrra laga um leikskóla frá 2008.

Í þessari ársskýrslu má fræðast um fjölmörg verkefni sem gefa skýra mynd af því mikilvæga starfi sem hér er unnið. Velferð barnanna í borginni hvetur starfsfólk áfram til góðra verka, enda er leiðarljós þeirra að í leikskólanum njóti börnin bernsku sinnar og læri og þroskist í leik og samveru.

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir

Stiklað á stóru 2009

JANÚAR

Leikskólaráðgjafarnir heim

Í byrjun árs komu fimm leikskólaráðgjafar til starfa á aðalskrifstofu Leikskólasviðs, en þeir höfðu áður starfað á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Umsjón með innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar fluttist einnig frá þjónustumiðstöðvunum á aðalskrifstofuna.



Leikskólaráð úthlutar styrkjum

Alls var úthlutað 10 milljónum króna til 16 verkefna sem stuðla eiga að nýbreytni og þróunarstarfi í leikskólum.

MARS

APRÍL

Vorsýningar og opin hús

Hefðinni samkvæmt voru opin hús í leikskólunum á vormánuðum. Settar voru upp sýningar og boðið upp á skemmtidagskrá fyrir foreldra og aðra aðstandendur. Ýmis verkefni leikskólabarna sem tengjast t.d. endurvinnslu, fjölmenningu, landafræði og náttúruvernd vöktu óskipta athygli svo og alþjóðleg samstarfsverkefni, s.s. á vegum Comeniusar-áætlunar ESB.



FEBRÚAR

Skipulagsdögum fjölgað í fimm

Leikskólaráð ákvað að fjölga skipulagsdögum í fimm í stað fjögurra áður. Með þeirri ráðstöfun fækkar starfsmannafundum eftir vinnutíma starfsfólks. Þrír skipulagsdagar falla saman með starfsdögum í grunnskólum og gefst þá aukið svigrúm fyrir samstarf fyrstu skólastiganna.



Björnslundur – fyrsta útideild leikskóla

Í lok maí var tekin í notkun útideild við leikskólann Rauðhól í Norðlingaholti. Hún er í skógarrjóðri sem nefnist Björnslundur en skógurinn er sameiginlegt útisvæði Norðlinga-skóla, leikskólans og ÍTR. Börnin á Rauðhóli skiptast á um að dvelja í skógarhúsinu í Björnslundu í eina viku í mánuði allan ársins hring. Í útideild er lögð áhersla á náttúrufræðslu og skemmtilega útivist og get geta börnin m.a. leikið sér í klifurgrindum og köðlum.

MAÍ

Stóri leikskóladagurinn

Stóri leikskóladagurinn var haldinn í fyrsta sinn í júníbyrjun í sól og blíðu. Hann er eins konar uppskeruhátíð Leikskólasviðs þar sem tækifæri gefst til að kynna þau mörgu áhugaverðu verkefni sem verið er að vinna að í leikskólum borgarinnar. Skólarnir settu upp sýningarbása á skrifstofu sviðsins í gamla Miðbæjarskólanum og mátti þar m.a. sjá þróunarverkefnið *Fjörulalla* úr leikskólanum Bakka sem fékk hvatningarverðlaun leikskólaráðs á árinu. Myndir barna í því verkefni prýða m.a. þessa ársskýrslu.

JÚNÍ

Ný sérkennslustefna

Á ágústlok var ný sérkennslustefnu samþykkt í leikskólaráði. Í henni er lögð áhersla á virkni foreldra og að einstaklingsnámskrá verði gerð fyrir öll börn sem njóta sérkennslu. Ábyrgðarmaður sérkennslu mun starfa við leikskóla borgarinnar og leitast verður við að fjölga leikskólum með sérhæfða þekkingu vegna þjónustu við börn með fötlun. Þá segir í stefnunni að efla skuli markvisst samstarf leik- og grunnskóla og stuðla þannig að meiri samfellu í sérkennsluþjónustu.

ÁGÚST

SEPTEMBER

Ný viðbygging við Grandaborg

Mikið var um dýrðir í leikskólanum Grandaborg 4. september þegar ný viðbygging var tekin í notkun. Með tilkomu hennar varð Grandaborg að fjögurra deilda leikskóla fyrir 82 börn. Foreldrar og ýmsir góðir gestir, þeirra á meðal borgarstjórinn Hanna Birna Kristjánsdóttir, fögnuðu þessum áfanga með börnum og starfsfólki. Nýja viðbyggingin er hin glæsilegasta, svo og lóðin kringum skólann sem var stækkuð til muna.

List og menning í leikskólanum

Að tillögu starfshóps var skipaður tengiliður á sviðinu til að efla barnamenningu og auka samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir. Þá var safnað saman upplýsingum á heimasíðu sviðsins undir fyrirsögninni *List og menning í leikskólastarfi*. Þar er komið á framfæri upplýsingum um starfsemi lista- og menningarstofnana og vakin athygli á verkefnum, ráðstefnum og öðru því sem tengist barnamenningu.

OKTÓBER

Steinahlíð fagnar sextugsafmæli

Haldið var upp á sextugsafmæli Steinahlíðar föstudaginn 6. nóvember. Í tilefni dagsins var slegið upp veislu og brúðuleikhús kom í heimsókn. Umhverfisfræðsla er í hávegum höfð í Steinahlíð og hefur skólinn m.a. fengið Grænfánann og hvatningarverðlaun leikskólaráðs fyrir skemmtileg umhverfisverkefni.

NÓVEMBER

Vörður staðinn um velferð barna

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem lögð var fram í borgastjórn í desember, endurspeglar þau stefnumið að vörður skuli staðinn um grunnþjónustuna og voru hagræðingarkröfur til skólasviðanna 4,1%. Engar gjaldskrár voru hækkaðar og verða leikskólagjöld óbreytt og áfram 100% systkinaafsláttur. Gjaldskrá vegna dagvistunar í Reykjavík er sú lægsta á landinu.

DESEMBER



Leikskólaráð mótar í umboði borgarstjórnar Reykjavíkurborgar stefnu í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri. Þá tekur ráðið ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum barna á leikskólaaldri sé fylgt og fylgist með gæðum leikskólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.



Leikskólasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnsýslu leikskólaráðs.

Fulltrúar

Árið 2009 sátu sjö fulltrúar kosnir af borgarstjórn í leikskólaráði. Fulltrúi F- lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og *Börnin okkar*, samtök foreldrafélaga í leikskólum, áttu áheyrnarfulltrúa á fundum leikskólaráðs. Sviðsstjóri Leikskólasviðs, fjármálastjóri, starfsmannastjóri og skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins auk ritara leikskólaráðs.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir var formaður leikskólaráðs fram í september er hún fór í barnsburðarleyfi. Ragnar Sær Ragnarsson leysti hana af hólmi og var starfandi formaður út árið.

Eftirfarandi fulltrúar sátu í leikskólaráði á árinu 2009

Aðalmenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir/Ragnar Sær Ragnarsson, formaður
Fanný Gunnarsdóttir, varaformaður
Helga Kristín Auðunsdóttir/Þórey Vilhjálmsdóttir
Einar Örn Ævarsson
Oddný Sturludóttir
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir/Marsibil Sæmundardóttir
Hermann Valsson

Varamenn:

Ragnar Sær Ragnarsson
Áslaug Friðriksdóttir
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Ingvar Mar Jónsson
Hallur Magnússon
Helga Vala Helgadóttir
Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir
Sóley Tómasdóttir
Ægir Magnússon
Sigríður Kristinsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir /Kjartan Ólafsson/Gunnar Hólm Hjálmarsson f.h. F- lista
Þórunn Gyða Björnsdóttir/Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúi leikskólastjóra
Halldóra Guðmundsdóttir/ Hrönn Harðardóttir, fulltrúi starfsmanna í leikskólum
Ólöf Kristjánsdóttir/Anna Hansson, fulltrúi samtakanna Börnin okkar (frá okt. '08).

Stefnumörkun

Haldnir voru 23 fundir í leikskólaráði á árinu 2009. Að auki var starfsdagur í ágúst.

Leikskólaráð markaði stefnu um eftirtalda þætti:

- Í janúar samþykkti ráðið að fela sviðsstjóra að gera þjónustusamninga, annars vegar við Menntavísindasvið HÍ vegna rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og hins vegar við Myndlistarskólann í Reykjavík
- Í febrúar samþykkti ráðið að sviðsstjóra yrði falið í samráði við leikskólastjóra Sólborgar og Múlaborgar að útfæra hvernig styrk menntamálaráðuneytisins til leikskólana yrði best varið til að veita þjónustu og ráðgjöf tengd sinni sérþekkingu, á landsvísu.
- Samþykkt var í febrúar að skipulagsdögum í leikskólum yrði fjölgað úr fjórum í fimm. Einnig að miðað væri við að skipulagsdagarnir dreifðust jafnt á skólaárið, tveir fyrir áramót og þrír eftir, eða öfugt.
- Í marsmánuði samþykkti ráðið tillögu um skólahald í Úlfarsárdal. Lagt var til að reistur yrði leikskóli og grunnskóli fyrir 1.-4. bekk ásamt frístundaheimili og tæki þessi samrekni skóli til starfa í ágúst 2010. Sambærileg tillaga var lögð fram í menntaráði og íþrótt- og tómstundaráði.
- Á fundi ráðsins í lok mars var samþykkt að hefja undirbúning að tilraunaverkefni til eins árs sem fæli í sér samrekstur tveggja leikskóla undir stjórn eins leikskólastjóra, með það að markmiði að auka gæði leikskólastarfs og bæta nýtingu fjármagns.
- Ráðið samþykkti um miðjan maí að fela sviðsstjóra í samstarfi við fræðslustjóra að vinna framkvæmdaáætlun um kynningu á iðn- og starfsnámi í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Stefnit skyldi að því að markviss kynning á iðn- og starfnámi hæfist í leikskólum og grunnskólum borgarinnar, þegar á næsta skólaári.
- Samþykkt var að kalla saman vinnuhóp sem hefði það hlutverk að marka stefnu og koma

með hugmyndir að því hvernig leikskólar borgarinnar gætu gert átak til að bæta tannheilsu leikskólabarna.

- Í ágústmánuði var ný sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar samþykkt.
- Hjallastefnan ehf. sótti um leyfi til að starfrækja leikskólann Öskju við Hlíðarfót 7 í Reykjavík og samþykkti ráðið umsóknina.
- Nýjar reglur um leikskólaþjónustu voru samþykktar í september. Á sama tíma var nýr dvalarsamningur samþykktur.
- Á fundi sínum í september lagði ráðið áherslu á að væntanleg hagræðing á Leikskólasviði yrði unnin í góðu samráði meiri- og minnihluta og jafnframt með leikskólastjórum og starfsfólki leikskólanna. Lögð var áhersla á að í þeirri vinnu yrði haft að leiðarljósi að standa vörð um það góða faglega starf sem unnið er í leikskólum borgarinnar.
- Ný samþykkt fyrir leikskólaráð var lögð fyrir ráðið í nóvember og var hún samþykkt einróma.
- Á fundi ráðsins í byrjun desember var samþykkt að fela sviðsstjóra að vinna að mótun vinnuaðferða og verklags í tengslum við reglur um skil og miðlun upplýsinga milli leikskóla og grunnskóla.
- Þá var samþykkt að setja á laggirnar starfshóp um þekkingarheimsóknir.
- Nýjar reglur um þjónustutryggingu voru samþykktar um miðjan desember.
- Í kjölfar nýrrar reglugerðar menntamálaráðuneytisins var settur á laggirnar starfshópur um starfsumhverfi í leikskólunum. Þá tók til starfa á árinu starfshópur um framkvæmd innra og ytra mats í leikskólum.

Eftirlit

Eftirlit leikskólaráðs með leikskólastarfi í borginni fólst einkum í svörum við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru fyrir ráðið. Staða starfsmannamála í leikskólum var kynnt reglulega og lagðar voru fram upplýsingar um fjölda barna og fjölda rýma í leikskólum sem og nýtingarhlutfall leikskóla.

Skýrslur starfshópa og niðurstöður ýmissa kannana voru lagðar fram í ráðinu. Einnig fór fram ýmis konar gagnaöflun vegna stefnumótunar og eftirlits og má þar nefna kannanir um vistvænan rekstur, mötuneytismál, innra mat og foreldra-handbók.

Starfshópar

Eftirfarandi starfshópar, skipaðir af leikskólaráði Reykjavíkurborgar, störfuðu á árinu:

- **Starfshópur um *Stóra leikskóladaginn***
Hlutverk hópsins: Að skipuleggja og halda *Stóra leikskóladaginn* sem haldinn er að vori, ár hvert.
- **Starfshópur um starfsumhverfi leikskóla**
Hlutverk hópsins: Að móta reglur Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar um gerð leikskólahúsnæðis og fjölda barna miðað við stærð húsnæðis, þarfir barna og starfsfólks.
- **Starfshópur um þekkingarheimsóknir í leikskóla Reykjavíkur**
Hlutverk hópsins: Að kanna möguleika á skipulagningu þekkingarheimsókna í leikskóla Reykjavíkur með tekjuöflun að leiðarljósi.

Um verðlaun og styrki leikskólaráðs, sjá bls. 26



2 Leikskólasvið – helstu verkefni

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra hefur yfirumsjón með stefnumörkun og innleiðingu breytinga, annast upplýsingamiðlun og kynningarmál, samskipti innanlands og utan, gæðamál, skjalastjórnun og almenna afgreiðslu erinda. Skrifstofan veitir jafnframt leikskólaráði þjónustu og undirbýr og sér um fundi þess.

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir veitir skrifstofu sviðsstjóra forstöðu en einnig starfa á skrifstofunni upplýsingafulltrúi sviðsins, deildarstjóri móttöku- og upplýsingadeildar og verkefnastjóri sem jafnframt er ritari leikskólaráðs.

Móttöku- og upplýsingadeild

Meginverkefni deildarinnar eru móttaka viðskiptavina, skjalavarsla, þjónusta á kaffistofu og umsjón með rekstri aðalskrifstofu Leikskóla- og Menntasviðs. Starfsmenn eru fimm og þjóna þeir einnig Menntasviði. Símaþjónusta fyrir bæði sviðin fluttist yfir í símaverið í Borgartúni um miðjan maí og fylgdi eitt stöðugildi frá deildinni þeim flutningi. Steinunn Hjartardóttir veitir deildinni forstöðu og er hún jafnframt gæðastjóri Leikskólasviðs.

Á árinu var áfram unnið að því að byggja upp gæðastjórnunarkerfi en í því felst vinna við að koma upp rafrænni handbók þar sem öll helstu verkefni á aðalskrifstofu Leikskólasviðs eru sett upp í verkferla og búnar til vinnulýsingar og leiðbeiningar við þá. Stefnt var að vottun gæðastjórnunarkerfisins á árinu en ákveðið að fresta því út af efnahagsástandinu.



Starfsáætlun

Vinna við starfsáætlun Leikskólasviðs hófst í byrjun sumars en fór aðallega fram á haustmánuðum eins og undanfarin ár. Ritnefnd fundaði reglulega og samráð var haft við fjölmarga aðila, s.s. fulltrúa í leikskólaráði, leikskólastjóra og starfsfólk leikskóla, starfsfólk á aðalskrifstofu, foreldra og börn.

Leikskólaskrifstofa

Skrifstofustjóri er Hildur Skarphéðinsdóttir og hún er næsti yfirmaður 78 leikskólastjóra borgarinnar. Frá 1. janúar 2009 eru starfsmenn leikskólaskrifstofu átta auk skrifstofustjóra, en þá komu fimm leikskólaráðgjafar til starfa á aðalskrifstofu Leikskólasviðs. Þeir höfðu áður starfað á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Leikskólaráðgjafar sinna ýmis konar verkefnastjórnun, s.s. varðandi lýðheilsu, þróunarvinnu, sérkennsluúthlutun, námskrángerð, foreldrasamvinnu og mati á skólastarfi. Leikskólaskrifstofa stendur mánaðarlega fyrir fundum með

leikskólastjórum og fundar jafnframt með samráði leikskólastjóra einu sinni í mánuði. Skrifstofan veitir almenna ráðgjöf um stjórnun og skipuleggur árlegan námskeiðsdag leikskólastjóra í samvinnu við starfsmannabjónustu.

Skrifstofan vinnur að framþróun í leikskólastarfi og undirbúningi að stefnumörkun leikskólaráðs, sér um upplýsingamiðlun til ráðsins og annast eftirlit með leikskólastarfi. Hún hefur yfirumsjón með nefndarstörfum og starfshópum sem starfa að málefnum leikskólans og undirbýr hönnun og smíði leikskólabygginga og útileiksvæða í samvinnu við Framkvæmda-svið Reykjavíkurborgar. Þá hefur skrifstofan eftirlit með borgar- og einkareknum leikskólum og eftirlit og umsjón með útgáfu leyfa til daggæslu í heimahúsum.

Helstu verkefni 2009

Áhersla var lögð á að styðja við faglega þróun leikskólans, s.s. við gerð starfsáætlunar og mati barna og foreldra á skólastarfinu. Helstu mál sem unnið var að tengdust ráðgjöf við nýbreytnistarf og stuðningi við leikskólastjóra.

- Staðið var fyrir kynningu á þróunar- og nýbreytni verkefnum með sýningu undir yfirskriftinni *Stóri leikskóladagurinn*.
- Kallað var eftir skólanámskrám og starfsáætlunum frá öllum leikskólum Reykjavíkurborgar.
- Starfshópurinn um verkefnið *Blíða byrjun* tók til starfa, en það er unnið í samstarfi við Velferðarsvið og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
- Unnið var að gerð foreldrahandbókar.
- Opnuð var fimmta leikskóladeildin við leikskólann Rauðhól og er hún staðsett í Björnslandi.
- Lokið var við viðbyggingu Grandaborgar.

Samstarfsverkefni

- Samvinnuverkefninu um Náttúruskóla Reykjavíkur var fram haldið. Að verkefninu stóðu auk Leikskólasviðs, Umhverfis- og samgöngusvið, Menntasvið, Landvernd og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Mikil ánægja var með starf skólans sem eykur ótvírætt áhuga og skilning leikskólabarna

á náttúrufræði og útikennslu og eflir umhverfisvitund þeirra.

- Leikskólasvið er samstarfs- og styrktaraðili Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng). Rannsóknarverkefnið *Raddir barna*, sem hófst í janúar 2008 og standa mun í þrjú ár, er unnið með styrk frá leikskólaráði. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning og auka þekkingu á viðhorfum og hugmyndum ungra barna á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og skólagöngu. Jafnframt er henni ætlað að þróa aðferðir til að rannsaka sýn barna og þá merkingu sem þau leggja í tilveru sína.
- Fjórir leikskólar í Reykjavík eru í evrópska skólasamstarfinu Comenius, sem nær til leik- grunn- og framhaldsskóla. Samstarfið felst m.a. í því að nokkrir leikskólar, víðs vegar í Evrópu, velja sér sameiginlegt verkefni og vinna að því innan ákveðins tímaramma. Samstarfið er í formi tölvusamskipta og kennaraskipta. Leikskólar sem taka þátt í Comeniusarverkefnum eru Bakki, Nóaborg, Suðurborg og Hamraborg.
- Leikskólasvið hefur veitt styrk til Myndlistaskóla Reykjavíkur með það að markmiði að efla myndlistarnám barna í Reykjavík. Um er að ræða nokkra hópa barna á aldrinum þriggja til fimm ára í þremur leikskólum sem sækja nám í Myndlistaskólanum. Með þessari samvinnu byggist upp þekking og reynsla sem nýtist sem grunnur að verkefnum sem Myndlistaskólinn vinnur að með öðrum leikskólum og börnum á leikskólaaldri.
- Starfendarannsókn (action research) hófst á árinu í samstarfi við RannUng og Menntasvið. Markmið hennar er að auka tengsl leikskóla og grunnskóla, skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að sveigjanleika í skólakerfinu og móta grunn að námskrá fyrir þennan aldursóp. Starfendarannsókn miðar að því að kennarar endurskoði starf sitt með það fyrir augum að bæta eigin starfshætti. Prófaðar eru nýjar leiðir sem kennararnir sjálfir taka þátt í að móta. Unnið var að þessu í þremur leikskólum og þremur grunnskólum borgarinnar.

Fjármálaþjónusta

Fjármálaþjónusta hefur yfirumsjón með fjármálum sviðsins. Starfsmenn eru tíu og sinna þeir fjárhagsáætlunargerð, uppgjörum, innheimtu, innritun, umsjón með greiðslum vegna barna sem eru í dagvist í sveitarfélagi utan lögheimilis, greiðslum til dagforeldra, greiðslu þjónustutryggingar og greiðslum vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Á árinu voru haldin fjármálanámskeið fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Fjármálastjóri er Kristín Egilsdóttir.

Helstu áherslur 2009

- Í ársbyrjun var ábyrgð á innritun flutt úr þjónustumiðstöðvum til sviðsins og á sama tíma fluttust 2 stöðugildi af 3,2 í innritun yfir til sviðsins. Innritun og innheimta voru sameinuð í eina einingu enda hefur innritun nýrra barna eða breyting á vistunartíma áhrif á gjalddöku fyrir leikskóladvöl og því mikilvægt að hafa þessar einingar saman.
- Strax í upphafi árs var farið í mikla vinnu vegna hagræðingar og var leitað til allrar starfsmanna Leikskólasviðs eftir hugmyndum. Þeir komu með fjölmargar hugmyndir og náðist verulegur sparnaður með því að hrinda hluta þeirra í framkvæmd.
- Gerðar voru breytingar á reglum um leikskólaþjónustu
- Gerðar voru breytingar á reglum um þjónustutryggingu
- Unnið hefur verið að gerð reglna um dagforeldraþjónustu
- Unnið var að gerð samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla
- Í smíðum var nýtt upplýsingakerfi fyrir alla þjónustu sem Leikskólasvið veitir.

Starfsmannabjónusta

Starfsmannabjónustan veitir stjórnendum og starfsfólki leikskóla fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf. Stór þáttur starfseminnar tengist vinnu með niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal starfsmanna borgarinnar, ráðgjöf um samskipti inni á leikskólum og aðstoð við úrlausn áreitiss- og eineltismála. Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf um réttindi starfsfólks og kjarasamninga er einnig snar þáttur í starfseminni.

Vinnuhópur vann á árinu að endurskoðun á starfslýsingum og einnig var unnið að gæðaferlum í mannauðsmálum. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á árinu 2010.

Aukin áhersla var lögð á tölfraðilega úrvinnslu gagna í *VinnuStund* og leikskólastjórnendum var boðið upp á einstaklingsnámskeið um notkunarmöguleika kerfisins í samstarfi við launadeild.

Framhald var á samstarfi starfsmannabjónustu og fjármálaþjónustu við gerð launalíkans þar sem m.a. er farið yfir starfsheiti og launaflokka allra leikskólastarfsmanna.

Starfsmannabjónustan tekur þátt í ýmsum vinnuhópum með fulltrúum frá öðrum sviðum borgarinnar, m.a. vinnuhópum um viðbrögð við einelti, móttöku nýrra starfsmanna, íslenskuskóla borgarinnar og starfshópnum *Börnin í borginni*.

Landslagið í starfsmannamálum leikskólanna breyttist mikið í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Mun auðveldara varð að ráða hæft starfsfólk til starfa og segja má að allir leikskólar hafi verið fullmannaðir á árinu.

Auk starfsmannastjóra starfa þrír mannauðsráðgjafar og einn lögfræðingur hjá starfsmannabjónustu Leikskólasviðs. Starfsmannastjóri er Ingunn Gísladóttir.

Helstu verkefni 2009

- Aðstoð og ráðgjöf við ráðningar starfsfólks á leikskólum
- Fræðsla, ráðgjöf og úrbótavinna í kjölfar viðhorfskönnunar Reykjavíkurborgar
- Ráðgjöf og úrlausnarvinna vegna ágreinings- og eineltismála

- Aðstoð við leikskólastjórnendur við notkun *VinnuStundar*
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Fræðsla og námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskóla

Tafla 2.1 - Stöðugildi í leikskólum Reykjavíkurborgar haustið 2009

	2000	2001	2002	2003	2004	2005 ¹⁾	2006	2007	2008	2009
Leikskólakennarar	385	410	408	421	442	501	453	445	482	583
Þroskajálfar	16	22	22	27	20	29	22	26	23	27
Aðrir háskólamenntaðir	87	98	94	96	113	150	108	135	155	141
Aðrar starfsstéttir	793	856	884	918	852	1.045	804	730	754	677
Ræsting ²⁾	58	-	-	-	55	49	51	19	15	13
Stöðugildi alls	1.339	1.386	1.408	1.462	1.482	1.453	1.438	1.355	1.429	1.441
Heildarfjöldi starfsfólks	1.660	1.685	1.720	1.725	1.738	1.725	1.694	1.750	1.727	1.775
Þar af karlar			58	81	90	89	72	77	94	93

¹⁾ Árið 2005 sýnir sundurliðun fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi

²⁾ Árið 2009 eru stöðugildi í námsleyfum og langtímaveikindum meðtalin (alls 21 stöðugildi).

Starfsmenn og starfsþróun

Skipulagsdagar eru nú fimm í stað fjögurra áður og er heimilt að skipta tveimur þeirra í tvennt og taka 4 hálfra skipulagsdaga á ári. Margir leikskólar hafa á skipulagsdögum fengið fyrirlestra og styttri námskeið frá starfsfólki leikskólaskrifstofu og starfsmannaþjónustu. Þá hafa leikskólar haldið sameiginlega skipulagsdaga, en þannig er hægt að bjóða upp á sérsniðin námskeið fyrir ákveðna hópa starfsmanna og fjármagn sem úthlutað er til símenntunar nýtist betur.

Leikskólasvið tók á árinu þátt í evrópsku samstarfsverkefni, ASSIST, sem styrkt var af Leonardo da Vinci símenntunaráætlun ESB. Verkefnið snýst um að þróa og prófa námskeiðslíkan fyrir starfsfólk leikskóla, einkum þá starfsmenn sem hafa litla eða enga menntun í uppeldisfræðum. Sjö leikskólar í Reykjavík sendu starfsfólk á ASSIST- námskeiðið, alls 16 manns. Hópurinn hittist sjö sinnum á þriggja mánaða tímabili, þrjá tíma í senn. Þátttakendur hlýddu á fyrirlestra og tóku síðan þátt í umræðum undir handleiðslu mentora. Fyrirlesarar komu allir frá leikskólaskrifstofu og starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs. Námskeiðið þótti takast

sérlega vel og var boðið upp á stutt framhaldsnámskeið á síðari hluta ársins.

Auk ASSIST- námskeiðsins voru haldin námskeið um starfsþróunarsamtöl, einstaklingsnámskeið um notkunarmöguleika *VinnuStundar*, námskeið um réttindi og skyldur leikskólastarfsmanna og fræðslufundir fyrir matráða um innkaup og rekstur mötuneyta, næringu, matseðlagerð o.fl.

Framhald var á samstarfi við Mími-símenntun um fagnámskeið fyrir starfsfólk í Eflingu og Leikskólabrú, auk þess sem boðið var upp á framhaldsnámskeið fyrir leikskólaliða um börn með sérþarfir. Boðið var upp á starfstengd íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna í samstarfi við Íslenskuskóla Reykjavíkurborgar. Þá buðu fagsvið borgarinnar upp á námskeið um starfslok fyrir þá starfsmenn sem nálgast eftirlaunaaldur. Námskeiðið var vel sótt og þótti heppnast vel.

Tafla 2.2 - Námskeið á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009

Heiti/inntak	Markhópur	Fj.nám-skeiða	Stundafj. námskeiðs	Fj. sem lauk námskeiði
Námskeiðsdagur dagforeldra	Dagforeldrar	1	6	140
Námskeið um starfsþróunarsamtöl	Leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar	1	2	7
Námskeið um hagkvæman rekstur mötuneyta í leikskólum	Matráðar	1	2	58
ASSIST-námskeið	Leiðbeinendur	1	21	16
Námskeið um réttindi og skyldur starfsfólks í leikskólum	Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	1	2	35
Námskeið í notkun VinnuStundar	Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	57	2	90
Námskeið í frávíkagreiningu	Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	4	1	55
Framhaldsnámskeið í frávíkagreiningu	Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	2	1	19
Námskeiðsdagur leikskólastjóra	Leikskólastjórar	1	8	51
ASSIST- framhald	Leiðbeinendur	1	6	12
Útinám og vistvernd í leikskólum	Stjórnendur og starfsfólk leikskóla	1	3	45
Námskeið um næringu leikskólabarna og hagræðingu í rekstri mötuneyta	Matráðar	1	2	60
Samtals		72	56	588

Auk ofantalinnar námskeiða sótti starfsfólk í leikskólum ýmis námskeið sem voru haldin í samvinnu við Símenntun, Rannsóknir, Ráðgjöf hjá HÍ. Einnig voru haldin starfstengd íslenskunámskeið í samvinnu við önnur svið borgarinnar og Alþjóðahús. Haldið var námskeið um undirbúning starfs-oka fyrir starfsfólk sem nálgast eftirlaunaaldur eða hafði nýlega látið af störfum í samvinnu við öll svið borgarinnar. Starfsfólk leikskólaskrifstofu og starfsmannþjónustu bauð einnig upp á styttri námskeið og fyrirlestra í leikskólum.

Tölfræði- og rannsóknþjónusta

Meginhlutverk tölfræði- og rannsóknþjónustu er að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunnskólastarf í borginni, auk áætlanagerðar og rannsókna á skólastarfi. Starfsmenn eru sex og deildarstjóri er Hildur Björk Svavarsdóttir.

Helstu verkefni 2009

- Viðhorfskönnun meðal foreldra allra leikskólabarna í Reykjavík.
- Starf aðstoðarleikskólastjóra var skoðað og gefin út skýrsla.
- Mat á leikskólanum Laufásborg.
- Könnun meðal foreldra og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila fyrir starfshóp um skólaskil fatlaðra barna.
- Gagnaöflun vegna stefnumótunar og eftirlits, m.a. fjórar kannanir um innra starf leikskólanna.

Upplýsingatækniþjónusta

Upplýsingatækniþjónustan (UTÞ) sem hafði yfirumsjón með tölvuþjónustu við leikskólana og Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur (UTM) voru formlega sameinaðar í eina starfseiningu í apríl 2009. Þá færðist allur upplýsingatæknirekstur og þjónusta

við leikskólanna yfir í hina nýju starfseiningu undir UTM í Höfðatorgi.

Á árinu stóð UTM fyrir námskeiðum fyrir 132 umsjónarmenn heimasíðna leikskólanna vegna kerfisuppfærslu og efnt var til námsvera á haustmánuðum til að efla færni í vefumsjónarkerfinu.



3. Leikskólastarf í tölum

Árið 2009 starfrækti Reykjavíkurborg 78 leikskóla og í október voru 5.684 börn skráð í leikskóla borgarinnar. Sjálfstætt starfandi leikskólar voru 19 og þar var skráð 918 barn í október. Um 94% barna dvöldu í leikskólanum í sjö til níu stundir á dag.

Tafla 3.1 - Heildarfjöldi barna eftir gerð leikskóla að hausti 2000-2009 ¹⁾

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Almennir leikskólar ²⁾	5.240	5.462	5.772	5.810	5.800	5.729	5.799	5.526	5.676	5.684
Sjálfstætt starfandi leikskólar	430	572	590	576	640	648	535	869	831	918
Samtals	5.670	6.034	6.362	6.386	6.440	6.377	6.334	6.395	6.507	6.602

¹⁾ Reykvísk börn í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur eru ekki talin með.

Tafla 3.2 - Fjöldi barna í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík í október 2009 og stofnár leikskóla

Sjálfstætt starfandi leikskólar ¹⁾	Fjöldi barna	Stofnár
Askja	41	2009
Ársól/Ungbarnaleikskólinn	41	2008
Barnaheimilið Ós	23	1973
Fossakot	61	1997
Hjallastefnan Laufásborg	99	2007
Korpukot	91	2001
Leikgarður	50	2006
Leikskólinn 101	36	2004
Leikskólinn Höfn	41	1999
Lundur	28	2001
Mánagarður	60	1996
Mýri	42	1989
Regnboginn	64	2003
Skerjagarður	47	2003
Sólgarður	50	1995
Sælukot	28	1977
Vinagarður (KFUM og K)	50	1975
Vinaminni	41	1994
Waldorfleikskólinn Sólstafir	25	1994
Samtals:	918	

Tafla 3.3 - Fjöldi barna í leikskólum Reykjavíkurborgar í október 2009 og stofnár leikskóla

Leikskólar	Fjöldi barna	Stofnár
Arnarborg	64	1972
Austurborg	91	1974
Álftaborg	88	1968
Árborg	63	1969
Ásborg	120	1987
Bakkaborg	112	1972
Bakki	68	2003
Barónsborg	33	1950
Berg	43	2004
Blásalir	84	2000
Brákarborg	52	1952
Brekuborg	83	1992
Drafnarborg	34	1950
Dvergasteinn	63	1998
Engjaborg	83	1994
Fálkaborg	60	1980
Fellaborg	51	1973
Fífuborg	83	1993
Foldaborg	64	1986
Foldakot	45	1992
Funaborg	50	1994
Furuborg	58	1986
Garðaborg	53	1983
Geislabaugur	116	2004
Grandaborg	81	1985
Grænaborg	83	1931
Gullborg	81	1990
Hagaborg	99	1960
Hamraborg	84	1964
Hamrar	122	2001
Hálsaborg	63	1980
Hálsakot	74	1985
Heiðarborg	83	1990
Hlíðaborg	49	1960
Hlíðarendi	24	1963
Hof	102	1996
Holtaborg	63	1969
Hólaborg	61	1977
Hraunborg	56	1984

Leikskólar	Fjöldi barna	Stofnár
Hulduheimar	89	1997
Jöklaborg	111	1988
Jörfi	101	1997
Klambrar	81	2002
Klettaborg	84	1990
Kvarnaborg	60	1987
Kvistaborg	65	1972
Laufskálar	85	1996
Laugaborg	95	1966
Lindarborg	62	1994
Lynghheimar	105	1998
Lækjaborg	64	1972
Maríuborg	106	2002
Múlaborg	77	1975
Njálshóll	49	1981
Nóaborg	66	1986
Rauðaborg	62	1994
Rauðhóll	106	2007
Reynisholt	86	2005
Rofaborg	106	1985
Seljaborg	60	1977
Seljakot	58	1996
Sjónarhóll	64	1999
Skógarborg	49	1969
Sólbakki	49	2004
Sólborg	72	1994
Sólhlíð	91	1968
Stakkaborg	75	1983
Steinahlíð	30	1949
Suðurborg	112	1979
Sunnuborg	88	1970
Sæborg	82	1993
Tjarnarborg	44	1941
Vesturborg	71	1979
Vinagerði	62	2006
Völvuborg	49	1974
Ægisborg	84	1982
Öldukot	41	1989
Ösp	57	1980
Samtals:	5.684	

4 Starfsemi leikskóla

Sem endranær var unnið markvisst að því að koma stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum í framkvæmd í leikskólum og vinna að þeirri framtíðarsýn sem lýst var í starfsáætlun 2008.

Starfsfólk leikskólanna, foreldrar og börn í nokkrum leikskólum borgarinnar tóku virkan þátt í gerð starfsáætlunarinnar. Leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa börnum góðar aðstæður til uppeldis og menntunar og umfram allt að njóta bernsku sinnar.

Nám við hæfi hvers og eins

Leitast er við að nám í leikskóla sé við hæfi hvers og eins og markviss samvinna höfð að leiðarljósi til að tryggja að komið sé til móts við þarfir og áhuga barna. Það er gert með fjölbreyttum uppeldis-aðferðum, þar sem leikurinn er viðurkennd námsleið barnanna. Frumkvæði og þekkingarleit einkenna starfið. Hæfileikar hvers og eins eiga að fá notið sín í öllu starfi leikskólans og þeir taka mið af fjölmennningarlegu samfélagi. Stuðningur við börn af erlendum uppruna er markviss og börnum tryggt jafnræði til uppeldis og menntunar svo sem kostur er.

Skapandi leikskólastarf og fjölbreytni

Í leikskólanum er skapandi umhverfi sem eflir frumkvæði, hvetur og örvar börn og starfsfólk. Sköpun, leikur og gagnrýnin hugsun er í öndvegi ásamt fjölbreyttum viðfangsefnum. Börnin koma með hugmyndir og hafa áhrif á leikskólastarfið. Sérhver leikskóli gerir starfsáætlun og mótar eigin skólanámskrá sem endurspeglar hugmyndafræði hans og starfsaðferðir. Leikskólar borgarinnar eru hvattir til að marka sér sérstöðu með því að leggja áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í leikskóla-starfinu, s.s. listir, hreyfingu og vísindi. Leikskólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og leikskóla án aðgreiningar.

Lýðheilsa, öryggi og vellíðan

Börnum og starfsmönnum líður vel í leikskólanum þar sem umhverfið er öruggt og heilsusamlegt og lögð áhersla á umönnun, hollt mataræði og hreyfingu. Unnið er markvisst að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og leikni í samskiptum. Í leikskólanum ríkir gagnkvæmt traust milli foreldra, starfsmanna og barna.

Gæði, mat og framfarir

Starfsmenn leikskóla eiga kost á fjölbreyttri starfsþróun sem er í samræmi við áherslur skólanámskrár og starfsáætlun Leikskólasviðs. Árlega gera leikskólar innra mat og áætlun um umbætur á grundvelli þess. Börn og foreldrar koma að innra mati leikskólans eftir því sem við á. Leikskólasvið fylgir eftir innra og ytra mati til að efla skólastarf.

Lýðræðislegt samstarf

Foreldraráð starfar við hvern leikskóla og foreldrar eru hvattir til virkrar þátttöku í uppeldi og menntun barna sinna. Upplýsingamiðlun er mikilvæg í samstarfi foreldra og starfsmanna leikskóla og er nýtt í ýmsum myndum í leikskólanum, s.s. með tölvupósti og virkum heimasíðum. Áhersla er lögð á samstarfsverkefni milli leikskóla og skóla á öðrum skólastigum og stofnana í grenndarsamfélaginu. Allt leikskólastarf grundvallast á lýðræðislegum gildum þar sem börnin öðlast leikni í lýðræðislegum vinnubrögðum, skoðanaskiptum og ákvarðanatöku.

Börn sem nutu stuðnings og sérkennslu í leikskólum Reykjavíkurborgar árið 2009

Alls fengu 110 börn, sem þurfa verulega aðstoð vegna alvarlegrar fötlunar, sérkennslu á árinu 2009. Einnig fengu 144 börn með væga þroskahömlum sérkennslu og reglulega

aðstoð. Börn sem fengu aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika voru 83.

Tafla 4. 1 – Skipting sérkennslu eftir flokkum*

	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	5. flokkur	Vantar flokk	Alls
2006	14	63	10	5	167	259
2007	74	151	0	15	0	240
2008	89	157	48	16	0	310
2009	110	144	83	1	0	338



Tafla 4.2 – Hlutfall barna sem fá úthlutað vegna sérkennslu


	2006	2007	2008	2009
Alls Miðborg/Hlíðar	5,9%	5,8%	6,4%	7,0%
Alls Vesturbær	1,7%	1,9%	3,9%	3,5%
Alls Laugardalur/Háaleiti	4,2%	4,5%	5,5%	6,1%
Alls Árbær/Grafarholt	2,5%	3,3%	5,7%	6,4%
Alls Breiðholt	6,7%	6,6%	8,5%	7,3%
Alls Grafarvogur/Kjalarnes	4,3%	3,3%	3,9%	3,7%
Alls leikskólar	4,4%	4,3%	5,7%	5,7%
Alls sjálfstætt starfandi leikskólar	1,3%	1,2%	1,4%	1,2%
Alls leikskólar	4,1%	3,9%	5,2%	5,1%

Börn af erlendum uppruna


Á árinu 2009 voru börn af erlendum uppruna rúmlega 17% allra barna í leikskólum borgarinnar eða samtals 960. Hafði þeim fjölgað um 90 frá fyrra ári. Í þessum hópi eru

börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna, óháð því hvort þau hafa íslenskan ríkisborgararétt. Alls voru börn af 89 þjóðernum í leikskólum borgarinnar og koma þau flest frá Póllandi, Filippseyjum og Tælandi.

Mynd 4.1 - Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum haustið 2009



Mynd 4.2 - Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum – samanburður milli ára.



Fjölmenningarstarf

Á árinu var unnið markvisst að því að bæta upplýsingamiðlun til foreldra af erlendum uppruna. Þýddir voru orðalistar og ýmis konar upplýsingar til foreldra með það að markmiði að auðvelda samskipti milli leikskóla og heimila. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Leikskólasviðs undir liðnum Nýir Íslendingar. Þá voru prentuð tvenns konar veggspjöld fyrir leikskóla þar sem sjónum var beint að hinum fjölbreytta barnahópi í leikskólunum. Á öðru veggspjaldinu eru allir boðnir velkomnir í leikskólann á 10 tungumálum en á hinu eru myndir af börnum að takast á við ólík viðfangsefni undir heitinu *Heimurinn er hér, leikum saman*.

Haldnir voru tveir fræðslufundir, annar um foreldrasamstarf með áherslu á foreldra sem ekki tala íslensku og hinn um leiðir til að örva og kenna íslensku sem annað mál. Þeir voru vel sóttir af starfsfólki og var leitað til leikskóla um kynningar á hagnýtum verkefnum. Í kjölfar slíkrar kynningar keypti Leikskólasvið birtingarétt á *Myndrænni orðabók* í rafrænu formi sem leikskólar geta nýtt í aðlögun barna. Auk þessa var leikskólum veitt fræðsla og ráðgjöf um fjölmenningu á starfsmannafundum og í daglegu starfi. Brúarfundur var haldinn í nóvember undir yfirskriftinni *Skólinn og börn af erlendum uppruna* og var þar sagt frá fjölmenningarlegu leikskólastarfi í borginni.


Fjölmenningarvefurinn www.allirmed.is hefur haldið áfram að þróast og vaxa en þar er fjölbreytt efni sem tengist málefnum barna af erlendum uppruna. Leikskólasvið tók þátt í samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs þar sem skipulagðir voru fjölskyldumorgnar tvisvar í viku. Starfsfólk leikskóla tók að sér að þýða upplýsingar um fjölskyldumorgna, starfsfólk á Leikskólaskrifstofu kom að fræðslu til foreldra og dreifimiðum með upplýsingum á fjölmörgum tungumálum var dreift til foreldra í samvinnu við leikskóla. Einnig var samstarf við verkefnastjóra í fjölmenningu á Borgarbókasafni sem kynnti verkefnið *Menningarmót - Fljúgandi teppi á leikskólastjórafundum* og á fræðslufundi. Menningarmót voru síðan haldin í sjö leikskólum og var mikil ánægja barna, foreldra og starfsfólks með það verkefni.

Nánar um *Menningarmót* á vef

Borgarbókasafns: www.borgarbokasafn.is

Á árinu var úthlutað 25 milljónum króna til leikskóla vegna barna af erlendum uppruna. Úthlutað var vegna barna á fyrsta og öðru ári í leikskólanum og vegna barna sem hafa íslensku að móðurmáli en hafa verið búsett erlendis. Þá fengu leikskólar með hátt hlutfall barna af erlendum uppruna aukafjárveitingu. Að vori var úthlutað vegna 596 barna og fengu átta leikskólar aukafjárveitingu. Að hausti var úthlutað vegna 635 barna og fengu ellefu leikskólar aukafjárveitingu. Farið var yfir nýtingu á miðju ári og var því fjármagni sem ekki hafði verið nýtt endurúthlutað og bættist það við úthlutun síðari hluta ársins. Verkefnastjóri vegna barna af erlendum uppruna heimsótti alla leikskóla sem fengu aukafjárveitingu að vori og hausti.

Mynd 4.3 - Algengustu þjóðerni barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar haustið 2009



Samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir

Í júní var gefin út skýrsla starfshóps um aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir. Hópurinn leitaðist við að kortleggja það samstarf sem var fyrir hendi og setti fram tillögur að því að efla það frekar. Hægt er að nálgast skýrsluna undir Útgefið efni á heimasíðu Leikskólasviðs.

Skýrsla starfshópsins var kynnt á leikskólastjórafundi í byrjun vetrar og í kjölfarið var haldinn kynningarfundur fyrir leikskólastarfsfólk. Þar var farið yfir þá þætti í Menningarstefnu Reykjavíkur sem snúa að börnum og barnamenningu og kynntu fulltrúar frá söfnum borgarinnar starfsemi ætlaða leikskólabörnum. Opnað var svæði á heimasíðu Leikskólasviðs undir heitinu *List og menning í leikskólastarfi* til að miðla upplýsingum um menningarstarf fyrir leikskólabörn.

Í október fór af stað verkefnið *Menningaruppeldi* í samstarfi Leikskólasviðs, Menntasviðs, Íþrótt- og tómstundasviðs og Menningar og ferðamálasviðs. Markmið þess er að tengja saman leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili með aðkomu listamanna og annarra. Verkefnastjóri er Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir og mun verkefninu ljúka í apríl 2010. Leikskólasvið kom að undirbúningi norrænu ráðstefnunnar *Nýsköpun og skapandi starf í höndum ungs fólks* sem haldin var á vegum Menntamálaráðuneytisins í byrjun desember. Tveir leikskólar borgarinnar, Sæborg og Ægisborg, buðu ráðstefnugestum upp á vinnusmiðjur í skapandi starfi.

Kannanir og þróunarverkefni

Á árinu var viðhorf foreldra allra leikskólabarna í Reykjavík kannað ítarlega. Þátt tóku rúmlega 3.200 foreldrar í borgarreknum og sjálfstætt reknum leikskólum. Hver leikskóli fékk skýrslu með niðurstöðum fyrir sig og heildarskýrsla fyrir Reykjavík var gefin út. Ein meginniðurstaða viðhorfskönnunarinnar var að ánægja foreldra með leikskólana jókst, en um 95% voru mjög eða frekar ánægðir með leikskóla barnsins.

Starf aðstoðarleikskólastjóra var skoðað og gefin út skýrsla um það, gert var mat á leikskólanum Laufásborg og gerð umfangsmikil könnun meðal foreldra og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila fyrir starfshóp um skólaskil fatlaðra barna.

Gagnaöflun vegna stefnumótunar og eftirlits var umfangsmikil, en auk hefðbundinnar tölfræðivinnu vegna árskýrslu og starfsáætlunar fóru fjórar kannanir sem snéru að innra starfi leikskólanna út til leikskólastjóra á árinu, t.d. um stöðu á ýmsum áætlunum um leikskólastarf, vistvænan rekstur, mötuneytismál, innra mat og foreldrahandbók.

Samráð við leikskólastjóra

Náið samstarf er á milli aðalskrifstofu Leikskólasviðs og leikskólastjóra undir stjórn skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu. Í samráði leikskólastjóra eiga sæti fulltrúar leikskólastjóra úr öllum hverfum borgarinnar og á árinu voru haldnir tíu samráðsfundir með framkvæmdastjórn Leikskólasviðs og skrifstofustjóri sótti fundi leikskólastjóra í öllum hverfum. Samráðið er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta, s.s. um faglegar áherslur, starfsmannamál, þróunarverkefni og símenntun.

Árlegur námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn 16. október. Boðið var upp á fjölbreytta fræðsludagskrá og vinnusmiðjur og flutti m.a. Helena Óladóttir, verkefnisstjóri hjá Náttúruskóla Reykjavíkur, erindi um útinám og leiðbeindi um hvernig mætti haga því.

Framkvæmdastjórn og starfsmenn leikskólaskrifstofu funduðu mánaðarlega með öllum leikskólastjórum í leikskólum borgarinnar.

Leikskólastjórafundir á árinu 2009

	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Fríkirkjuvegur 1	Fulltrúar frá Rauða Krossi Íslands kynntu verkefnið <i>Félagsvinur</i> , Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingunn Gísladóttir, Kristín Egilsdóttir og Ragnhildur Erla Bjarnadóttir kynntu og stjórnðu umræðum um starfs- og fjárhagsáætlun Leikskólasviðs 2009.
Febrúar	Fríkirkjuvegur 1	Hildur Jóna Bergþórsdóttir og Tómas Bjarnason frá Capacent kynntu niðurstöður þjónustukönnunar leikskóla 2007; <i>Tryggð starfsmanna á leikskólum - er hægt að bæta samkeppnishæfni leikskólanna?</i> Að því loknu hópavinna.
Mars	Fríkirkjuvegur 1	Elísabet Gísladóttir hjá umboðsmanni barna, kynnti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kristín R. Vilhjálmsdóttir frá Borgarbókasafni kynnti verkefnið <i>Fljúgandi teppi - Menningarmót í leikskólum</i> . Rannveig J. Bjarnadóttir leikskólastjóri kynnti samstarf leikskólans Gullborgar við <i>Blátt áfram</i> . Valgerður Erna Þorvaldsdóttir mannauðsráðgjafi kynnti ASSIST-verkefnið.
Apríl	Fríkirkjuvegur 1	Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri og Sigríður Thorlacius lögfræðingur voru með erindi um starfsmannamál og voru umræður að því loknu. Ingvaldur H. Björnsdóttir verkefnastjóri kynnti form að starfsáætlun fyrir leikskóla. Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri fór yfir fjármál.
Maí	Fríkirkjuvegi 1	Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri TOR, kynnti raundvalartíma í leikskólum og niðurstöður úr rýnihópi foreldra. Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri kynnti drög að nýrri aðalnámskrá leikskóla. Kristín Þóra Harðardóttir lögfræðingur kynnti form við öflun sakarvottorða.
Júní	Bíósal Austurbæjarskóla v/Vitastíg	Freyr Halldórsson mannauðsráðgjafi kynnti niðurstöður úr vinnustaðagreiningu 2009. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri TOR, og Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri kynntu og ræddu um könnun um fjármál og Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur flutti erindi sem hann kallaði <i>Hvatning á óvissutímum</i> .
September	Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu	Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri ræddi fjármál leikskólanna, Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri kynnti kjarasamninga og ráðningarmál. Fríða B. Jónsdóttir verkefnastjóri kynnti skýrslu um aukið samstarf leikskóla, listaskóla og menningarstofnana. Elísabet Helga Pálmadóttir verkefnastjóri kynnti sérkennslustefnu Leikskólasviðs og Alma Dís Kristinsdóttir verkefnastjóri kynnti Listasafn Reykjavíkur.
Október	Fríkirkjuvegi 1	Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri og Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðstjóri kynntu fjárhagsáætlun Leikskólasviðs 2010.
Nóvember	Fríkirkjuvegi 1	Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri kynnti niðurstöður úr hópavinnu. Guðrún Sigtryggsdóttir kynnti nýjar reglur um þjónustu leikskóla. Hildur Björk Svavarsdóttir deildarstjóri TOR kynnti niðurstöðu könnunar meðal aðstoðarleikskólastjóra. Sigurbjörg Helgadóttir og Auður Jónsdóttir fjölluðu um <i>Forvarnir og viðbrögð við einelti á vinnustöðum</i> .
Desember	Höfðatorg	Jólastund.

5 Dagforeldrar

Leikskólasvið greiddi niður með 557 reykvískum börnum hjá dagforeldrum á árinu 2009 og af þeim dvöldu 554 hjá 165 dagforeldrum í Reykjavík.

Leikskólasvið veitir dagforeldrum starfsleyfi og fjárframlög og sinnir lögbundnu eftirliti, samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005.

Fræðslustarf

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 20. mars 2009 að Gullhömrum í Grafarholti. 120 sóttu námskeiðsdaginn sem dagforeldrar telja afar mikilvægan vettvang fyrir fræðslu og félagsleg tengsl. Fyrir hádegi fjallaði Ingibjörg Leifsdóttir hjúkrunarfræðingur um svefnvenjur barna, Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri um börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri um máltöku barna. Eftir hádegi kom Eypór Eðvaldsson, stjórnendapjálfi hjá Þekkingarmiðlun, og fjallaði um hvernig við mætum breyttum aðstæðum.


Ekki var haldið grunnnámskeið fyrir nýja dagforeldra árið 2009 sökum dræmrar þátttöku

Slysavarnarnámskeið voru haldin í tengslum við endurnýjun starfsleyfa.

Tafla 5.1 - Aldursskipting hjá dagforeldrum eftir fæðingarári barns

Fæðingarár	Alls
2004	0
2005	2
2006	0
2007	27
2008	498
2009	30
Alls	557

Mynd 5. 1: Fjöldi barna hjá dagforeldrum í Reykjavík 1994- 2009



6 Verðlaun og styrkir leikskólaráðs

Hvatningarverðlaun

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri afhenti hvatningarverðlaun leikskólaráðs 28. maí. Þau komu að þessu sinni í hlut 6 leikskóla og eins leikskólastjóra, en alls bárust 60 tilnefningar vegna 13 verkefna. Markmið verðlaunanna er að veita starfsfólki leikskólanna hvatningu í starfi og vekja athygli á því gróskumikla faglega starfi sem það innir af hendi í menntun yngstu borgarbúanna. Í viðurkenningarskyni hlutu þeir til eignar verðlaunagrip eftir íslenskan hönnuð.

Verðlaun hlutu:

- Leikskólinn Bakki fyrir þróunarverkefnið *Fjörulallar, það erum við*.
- Leikskólinn Jöklaborg fyrir tvö verkefni, *Indoor out – Outdoor in* sem er Comeniusar-verkefni og *Bókin mín*.
- Leikskólinn Jörfi fyrir þróunarverkefnið *Tilfinningatjáning – lífsleikni*.
- Leikskólarnir Laugaborg og Sunnuborg fyrir sameiginlegt þróunarverkefni *Leikið og lært í Laugardal*.
- Leikskólinn Sólhlíð fyrir verkefnið *Gaman saman* sem er samstarfsverkefni leikskólans og hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða.
- Soffía Þorsteinsdóttir leikskólastjóri í Sæborg fyrir ópreytandi eldhug og metnað við að skipuleggja skapandi starf með börnum.

Styrkir

Í byrjun árs samþykkti leikskólaráð tillögur úthlutunarnefndar um styrki ráðsins sem ætlað er að auka enn frekar gæði leikskólastarfs og nýbreytni í leikskólum borgarinnar. Alls var úthlutað 11 milljónum króna til 16 verkefna og var við úthlutun lögð áhersla á verkefni sem tengjast *Lýðræði – börn í borg* og *foreldrasamstarfi*.



Markmið almennra styrkja leikskólaráðs er að styrkja verkefni sem á einn eða annan hátt efla leikskólastarf í Reykjavík. Þróunarstyrkir renna til verkefna sem stuðla að rannsóknum og nýbreytni í uppeldisstarfi.

Hæstu styrkirnir, sem námu 2 milljónum króna, komu annars vegar í hlut þriggja leikskóla í Vesturbæ og Myndlistaskóla Reykjavíkur sem eru í samstarfi um sjónmennt og hins vegar í hlut Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna við KHÍ. Jafnframt fékk stofan eina milljón króna í þróunarstyrk til samstarfsverkefnisins *Raddir barna*, sem miðar að því að skoða viðhorf ungra barna á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og leikskólagöngu.

Leikskólinn Sæborg með Kristínu Hildi Ólafsdóttur í fararbroddi fékk 750.000 króna styrk til að þróa samvinnu milli leikskóla sem starfa samkvæmt hugmyndafræðum Reggio-Emilia.

Formaður leikskólaráðs afhenti styrkina við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í apríl.

Tafla 6.1 - Almennir styrkir leikskólaráðs 2009

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Samstarf Myndlistaskólans og leikskóla	2.000.000
Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna	Auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna	1.200.000
		3.200.000
Fastir styrkir:		
Afmælisstyrkir til leikskóla		380.000
SAMTALS		3.580.000

Tafla 6.2 - Þróunarstyrkir leikskólaráðs 2009

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð
Bakkaborg	<i>Gleði, vinátta, virðing, góð samskipti undirstaða árangurs</i>	350.000
Sæborg	<i>Mín leið</i> - einstaklingsáætlun fyrir hvert barn	200.000
Sæborg	<i>Að skapa heiminn</i>	750.000
Laufásborg	Náttúra og list í borgarumhverfi. Útikennsla og foreldrasamvinna	250.000
Bakki	<i>Uss, ekki trufla mig!</i>	200.000
Ægisborg	Samstarf Ægisborgar og KR – Hreyfing, leikur, heilsubót	300.000
Laufskálar (ásamt 5 leikskólum)	<i>Rýnt í eigin rann</i>	400.000
Sunnuborg og Laugaborg	<i>Leikið og lært í Laugardal</i> – samvinna leikskólanna og Grasagarðs Reykjavíkur	450.000
Rauðhóll	<i>Leikglaðir Norðlingar á leið um lífið</i>	400.000
Berg	<i>Íþróttaálfar á Álfasteini</i>	300.000
Hálsaborg, Jöklaborg, Seljaborg, Hálsakot og Seljakot	<i>Á vit djúphyggjunnar</i>	700.000
Menntavísindasvið HÍ	<i>Raddir barna</i>	1.000.000
Garðaborg, Rauðhóll, Klambrar og Brákarborg	Þróun lýðræðislegrar námskrár og mats fyrir Bugðu-leikskólana	700.000
Fellaborg	Foreldrasamstarf í Fellaborg	400.000
SAMTALS		6.400.000

7 Námsferðir og erlend samskipti

EECERA

Hin árlega ráðstefna EECERA (European Early Childhood Education Research Association) var að þessu sinni haldin í Strassborg 26.-29. ágúst. Yfirskrift hennar var *Margbreytileiki í námi yngri barna* (Diversities in early childhood education). Um tíu fulltrúar frá leikskólum Reykjavíkur sátu ráðstefnuna og kynntu sér fjölbreyttar rannsóknir og verkefni m.a. um foreldrasamstarf í fjölbreyttum barnahópi, vinnu með ólíka menningu, lífsleikni og nám án aðgreiningar.

Verkefnastjóri vegna barna af erlendum uppruna hjá Leikskólasviði flutti fyrirlestur um fjölmennningarlegt leikskólastarf í Reykjavík undir heitinu *Celebrating Diversity and Inclusion in Reykjavík's preschools*. Þátttaka í ráðstefnu af þessu tagi er ekki síst mikilvæg

fyrir þátttakendur til að kynna sér það sem hæst ber erlendis, segja frá því sem vel er gert í eigin landi og taka þátt í samræðum um fjölbreytta þekkingu og reynslu.

Heimsóknir erlendra gesta

Tekið var á móti um átta hópum erlends skólafólks og sveitarstjórnarfólks sem komu hingað til lands í svokallaða þekkingarheimsókn. Flestir voru hóparnir frá Norðurlöndum, en einnig sóttu gestir frá Lettlandi, Þýskalandi, Spáni og Kína Leikskólasviðið heim.

Árleg námsferð leikskólastjóra var á þessu ári felld niður í hagræðingarskyni.



8 Ráðstefnur og viðburðir

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans var haldinn í annað sinn 6. febrúar, en markmið hans er að gera faglegt leikskólastarf sýnilegra og efla umræðu um gildi þess. Leikskólasvið hvatti leikskólastjóra og starfsmenn til að halda upp á daginn með opnum dögum, sýningu eða öðrum uppákomum og var víðtæk þátttaka í þessum viðburði.

Vetrarhátíð 2009

Leikskólasvið kom að undirbúningi *Vetrarhátíðar* sem haldin var dagana 13. og 14. febrúar, en verkefnastjóri frá Leikskólaskrifstofu sat í stjórn hátíðarinnar. Að venju tóku leikskólarnir virkan þátt í hátíðinni hver á sinn hátt ýmist með þátttöku í viðburðum hátíðarinnar eða með uppákomum í leikskólunum. Þema að þessu sinni var ljós og hreyfing.

Leikskólarnir í Breiðholti hittust í Mjódd þar sem haldin var sýning á verkum barnanna og þau gátu lýst á þau með vasaljósunum sínum, leikskólar í Laugardal fóru í skrúðgöngu ásamt grunnskólabörnum með vasaljós og sápukúlur og börn úr Austurborg sungu í Grensáskirkju fyrir gesti. Í leikskólunum voru haldnir vasaljósadagar, ljósasmiðja, leitað að endurskinsmerkjum með vasaljósum, ljósahátíð og margt fleira.

Gildi *Vetrarhátíðar* fyrir leikskólabörn felst ekki síst í því að skapa ánægjulega menningarviðburði þar sem börnin eru virkir þátttakendur.

Brúarfundir

BRÚ er opinn umræðuvettvangur um málefni leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hann var settur á laggirnar á haustmánuðum 2007. Leiðarljós í starfsemi BRÚAR er að nemandinn sé ávallt í brennidepli, að leik- og grunn- og framhaldsskóli vinni saman og að skólagangan sé samfelld og ánægjuleg.

Fjórir fundir voru haldnir árið 2009.

Í mars var fjallað um velferð barna í ljósi efnahagsástandsins þar sem skólastjórnendur á þremur fyrstu skólastigunum héldu erindi. Í apríl var fundað um skil grunn- og framhaldsskóla í ljósi nýrra laga og í september var



umfjöllunarefnið læsi á öllum skólastigum. Í nóvember var síðasti Brúar-fundur ársins og var þá fjallað um hvernig best má standa að kennslu barna af erlendum uppruna á fyrstu þremur skólastigunum.



Námskeiðsdagur leikskólastjóra

Árlegur námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn 16. október. Að þessu sinni var haldið í Félagsgarð í Kjósinni og boðið upp á fjölbreytta fræðsludagskrá og vinnusmiðjur. Helena Óladóttir, verkefnisstjóri hjá Náttúruskóla Reykjavíkur veitti ásamt fleirum leiðsögn um útileiki og fengu leikskólastjórar að tálga, þæfa og fara í ýmsa hópleiki.

Útinám og vistvernd í leikskólum

Fræðslufundur, um útinám og vistvernd í leikskólum, var haldinn 20. október. Þar voru kynnt þróunarverkefni í umhverfismennt svo

og erlend samstarfsverkefni (Comenius) um útinám og vistvernd.

Samvinna við foreldra af erlendum uppruna

Leikskólasvið stóð í september fyrir fræðslufundi um samskipti og samvinnu við foreldra með annað móðurmál en íslensku. Þar var m.a. kynnt verkefnið *Fljúgandi teppi*, samskiptabækur, heimaviðtöl, þýðingar á skilaboðum milli leikskóla og foreldra og fleira nýtt efni á fjölmenningsarvefnum www.allirmed.is.

Að skapa heiminn

Þróunarverkefnið *Að skapa heiminn* fór formlega af stað í mars þegar níu leikskólastjórar gerðu skriflegan samning við verkefnastjóran Kristínu Hildi Ólafsdóttur. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa betur hugmyndafræði og vinnubrögð í anda Reggio Emilia-stefnunnar. Leikskólarnir sem taka þátt í verkefninu eru: Foldakot, Funaborg, Hálsakot, Lyngheimar, Jöklaborg, Laugaborg, Seljakot, Sólbakki og Sæborg

Viðbyggingar- nýir leikskólar

Mikið var um dýrðir í leikskólanum Grandaborg 4. september, þegar ný viðbygging var tekin í notkun. Með tilkomu hennar stækkaði leikskólinn til muna og er nú fjögurra deilda með 82 börn. Foreldrar og ýmsir góðir gestir, þeirra á meðal

borgarstjórinn Hanna Birna Kristjánsdóttir, fögnuðu þessum áfanga með börnum og starfsfólki. Nýja viðbyggingin er hin glæsilegasta, svo og lóðin kringum skólann sem var stækkuð til muna.

Í febrúar var ungbarnaleikskólinn Ársól formlega tekinn í notkun. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og staðsettur í Sólheimum 31-35. Hann er tveggja deilda skóli með rými fyrir 48 börn. Í Ársól er unnið eftir Heilsustefnunni þar sem markmiðið er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti. Leikskólastjóri er Berglind Grétarsdóttir.

Síðsumars var svo undirritaður þjónustusamningur við Hjallastefnuna ehf. um vistun leikskólabarna í nýjum leikskóla Öskju. Til að byrja með mun Reykjavíkurborg greiða með 50 börnum í þeim skóla.

Afmæli leikskóla

Steinahlíð 60 ára 6. nóvember.

Holtaborg 40 ára 23. september.

Árborg 40 ára 12. febrúar.

Skógarborg 40 ára 1. júlí.

Vesturborg 30 ára 17. apríl.

Suðurborg 30 ára í janúar.

Öldukot 20 ára 27. janúar.

Blásalir 10 ára 19. september.



9 Ársreikningur 2009

Fjárhagsáætlun sviðsins nam 8,8 milljörðum á árinu 2009. Rekstrarkostnaður var rúmlega 10 milljarðar og tekjur tæplega 1,1 milljarður.

Rekstur ársins var mjög góður. Ástæða þess að Leikskólasvið ráðstafaði 102% af fjárheimildum, þ.e. rúmlega 133 mkr. umfram fjárhagsáætlun, var að gert hafði verið ráð fyrir að leikskólagjald fyrir meira en 8 klukkustunda dvöl yrðu hækkað fyrr og meir en raunin varð.

Hafa ber í huga að kostnaður vegna launa-hækkana samkvæmt kjarasamningum og herra tryggingagjalds varð meiri eða sem nam u.þ.b. 119 milljónum króna.

Meirihluti leikskóla borgarinnar, eða 58 af 78, var rekinn innan fjárheimilda. Afgangur eða halli frá árinu 2008 var ekki fluttur á milli ára og því er afgangur/halli allur tilkominn á rekstrarárinu.

8 leikskólar voru reknir með halla á árinu, 3% eða meira, og er það svipaður fjöldi og á árinu 2008 en mun færri en á árunum þar á undan.

Innheimta leikskólagjalda

Innheimta gekk vel á árinu. Sama innheimtuferli hefur verið notað um nokkurra ára skeið. Foreldrar sem skulduðu leikskólagjöld í milliinnheimtu voru að jafnaði 266 á árinu, og er það töluverð fækkun frá árinu 2007.

Helstu breytingar á árinu

Gjaldskrá fyrir vistun umfram 8 klukkustundir á dag var hækkuð 1. ágúst. Framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla og til dagforeldra var lækkuð á sama tíma fyrir vistun umfram 8 klukkustundir á dag.

- Leikskólinn Askja hóf starfsemi á haustdögum og er sjálfstætt starfandi með rekstrarleyfi fyrir 50 börn.
- Leikskólinn Reynisholt var stækkaður um eina deild í ársbyrjun, samtals bættust við 18 börn.
- Leikskólinn Rauðhóll var stækkaður um eina deild í ársbyrjun og bættust þá við samtals 18 börn.
- Leikskólinn Grandaborg var stækkaður um eina deild á vordögum og bættust við pláss fyrir 18 börn.

Tekjur og kostnaður í leikskólum borgarinnar 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
Meðalfjöldi barna	5.418	5.410	5.421	5.645
Þjónustutekjur pr barn	178.373	164.057	172.180	183.003
Laun og tengt pr barn	877.096	947.285	1.065.973	1.103.145
Leiga hús & tæki pr barn	87.242	108.974	133.312	153.668
Önnur útgjöld pr barn	126.783	153.013	168.961	142.936
Framlag pr barn	912.748	1.045.215	1.196.065	1.216.746

Ársreikningur Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009

Allir - Skipulagseining (36)	Kostn.st.	Tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar-kostnaður	Rekstrar-niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af esk. áætlun tímabils
Leikskólasvið								
Ráð og yfirstjórn:								
Leikskólaráð	D001		11.980	224	12.204	15.045	2.841	81%
Skrifstofa	D002	329	59.821	33.667	93.159	95.036	1.877	98%
Leikskólaskrifstofa	D006		57.779	2.931	60.711	64.845	4.134	94%
Fjármálaþjónusta	D007		48.909	3.927	52.835	52.109	(727)	101%
Starfsmannþjónusta	D008	1.946	31.515	4.318	33.887	37.220	3.333	91%
Ráð og yfirstjórn:		2.275	210.005	45.067	252.796	264.254	11.458	96%
Leikskólar:								
Sérkennsla í leikskólum	D011	13.106	(3.870)	26.221	9.245	(5.143)	(14.388)	-180%
Nýbúakennsla í leikskólum	D012			519	519	881	362	59%
Arnarborg	D100	10.725	68.811	20.172	78.258	74.942	(3.316)	104%
Austurborg	D101	17.557	105.818	26.984	115.245	116.987	1.741	99%
Álftaborg	D102	14.890	90.034	33.047	108.191	108.410	219	100%
Árborg	D103	11.113	64.209	17.313	70.409	71.131	722	99%
Ásborg	D104	23.164	126.335	39.402	142.573	147.619	5.047	97%
Bakkaborg	D105	19.282	125.463	25.203	131.384	131.428	44	100%
Barónsborg	D106	6.193	43.327	9.037	46.171	44.998	(1.173)	103%
Brákarborg	D107	9.864	62.429	13.760	66.326	65.816	(510)	101%
Brekkuborg	D108	15.489	79.377	21.850	85.738	89.681	3.943	96%
Drafnarborg	D109	6.442	40.972	8.304	42.834	43.195	361	99%
Engjaborg	D111	14.612	81.837	27.669	94.894	93.066	(1.828)	102%
Fálkaborg	D112	9.703	66.733	15.744	72.773	72.647	(126)	100%
Fellaborg	D113	7.625	65.077	13.877	71.329	67.042	(4.287)	106%
Fífuborg	D114	14.755	79.297	22.075	86.617	88.644	2.027	98%
Foldaborg	D115	10.613	70.758	18.548	78.693	79.380	687	99%
Foldakot	D116	8.420	51.416	14.348	57.343	58.130	787	99%
Funaborg	D117	9.242	51.851	15.493	58.102	60.187	2.085	97%
Garðaborg	D118	8.715	64.934	13.569	69.789	75.564	5.775	92%
Grandaborg	D119	13.467	87.222	25.194	98.949	97.081	(1.868)	102%
Grænaborg	D120	14.026	92.516	18.156	96.646	90.491	(6.155)	107%
Gullborg	D121	13.403	77.103	20.410	84.111	86.795	2.685	97%
Hagaborg	D122	18.960	105.284	25.234	111.558	115.273	3.715	97%
Hamraborg	D123	15.211	90.011	20.591	95.391	95.865	474	100%
Hálsaborg	D124	10.743	63.830	15.146	68.233	68.985	753	99%
Hálsakot	D125	14.059	78.500	20.521	84.962	93.065	8.103	91%
Heiðarborg	D126	14.672	83.239	20.695	89.262	92.354	3.092	97%
Hlíðaborg	D127	8.707	58.222	19.957	69.472	70.977	1.505	98%
Hlíðarendi	D128	4.392	29.533	7.472	32.613	37.874	5.261	86%
Hof	D129	18.570	106.380	27.474	115.284	114.187	(1.098)	101%
Holtaborg	D130	11.354	60.343	17.076	66.065	63.656	(2.409)	104%
Hólaborg	D131	10.715	68.559	15.699	73.542	75.126	1.583	98%
Hraunborg	D132	10.783	62.940	20.235	72.392	73.910	1.519	98%
Jöklaborg	D133	19.603	119.322	26.479	126.198	128.002	1.804	99%
Klettaborg	D134	15.447	81.982	20.522	87.058	93.985	6.928	93%
Kvarnarborg	D135	11.324	61.015	18.835	68.525	70.348	1.823	97%
Kvístaborg	D136	11.709	62.063	13.983	64.336	69.412	5.076	93%
Laufskálar	D138	15.955	87.025	23.985	95.056	95.700	644	99%
Laugaborg	D139	15.861	90.944	28.900	103.983	104.151	168	100%
Lindarborg	D141	11.597	66.271	17.564	72.239	72.740	502	99%
Lækjaborg	D142	11.533	57.642	13.503	59.611	69.710	10.098	86%
Múlaborg	D144	14.482	117.627	30.167	133.312	135.805	2.493	98%
Njálshlí	D146	8.686	59.692	17.287	68.292	70.676	2.384	97%
Nóaborg	D147	13.484	74.718	16.314	77.548	77.145	(403)	101%
Rauðaborg	D148	10.601	61.221	17.240	67.861	69.414	1.553	98%
Rofaborg	D149	18.986	108.310	39.405	128.729	129.393	664	99%
Seljaborg	D150	10.654	60.216	13.278	62.840	63.162	322	99%
Seljakot	D151	10.466	68.875	15.740	74.148	75.997	1.849	98%
Sólborg	D152	13.457	115.810	20.928	123.281	127.246	3.966	97%
Sólhlíð	D153	16.572	90.313	22.015	95.756	99.043	3.287	97%
Bakki	D154	15.529	66.196	18.580	69.246	80.878	11.632	86%
Stakkaborg	D155	12.938	86.719	16.582	90.363	90.921	558	99%

Steinahlíð	D156	5.158	27.299	10.695	32.836	34.992	2.156	94%
Suðurborg	D157	20.036	140.629	29.955	150.548	149.039	(1.509)	101%
Sunnuborg	D158	16.331	92.350	24.272	100.291	103.934	3.643	96%
Sæborg	D159	15.075	84.414	20.414	89.752	89.641	(112)	100%
Tjarnarborg	D160	8.245	48.542	14.572	54.869	55.182	313	99%
Vesturborg	D161	12.913	75.831	15.428	78.345	80.367	2.022	97%
Völvuborg	D162	8.720	68.790	16.655	76.725	75.391	(1.333)	102%
Ægisborg	D163	15.182	93.476	20.925	99.219	101.415	2.196	98%
Ösp	D164	8.600	66.231	18.672	76.303	70.748	(5.555)	108%
Jörfi	D165	18.149	102.444	26.631	110.927	115.855	4.928	96%
Hulduheimar	D166	15.291	84.199	22.272	91.180	96.355	5.175	95%
Dvergasteinn	D167	11.491	69.113	14.081	71.703	73.858	2.155	97%
Leikskólinn Berg	D168	7.669	46.922	20.131	59.383	57.190	(2.193)	104%
Sólbakki	D169	9.251	65.471	17.413	73.634	72.605	(1.029)	101%
Sjónarhóll	D170	11.558	67.377	16.551	72.370	75.885	3.515	95%
Lyngheimar	D171	17.707	97.345	25.823	105.461	106.335	874	99%
Öldukot	D172	8.118	48.578	16.554	57.014	56.464	(550)	101%
Furuborg	D173	10.438	59.939	17.837	67.337	69.025	1.687	98%
Skógarborg	D174	10.164	54.929	18.139	62.904	63.554	650	99%
Blásalir	D175	16.240	82.271	23.263	89.294	97.599	8.305	91%
Hamrar	D176	22.669	109.326	27.972	114.629	118.609	3.980	97%
Klambrar	D177	14.511	101.014	25.693	112.196	96.141	(16.055)	117%
Mariuborg	D178	18.551	97.562	23.138	102.150	106.784	4.634	96%
Geislabaugur	D179	20.028	115.799	36.293	132.065	135.062	2.998	98%
Reynisholt	D180	13.583	91.351	24.869	102.637	108.427	5.790	95%
Vinagerði	D181	10.921	69.178	25.134	83.391	82.687	(704)	101%
Rauðhóll	D182	16.703	106.332	38.560	128.189	131.075	2.886	98%
Sameiginl. kostn. leikskóla Leikskólaskrifstofa	D416	250		4.965	4.715	4.105	(610)	115%
Sameiginl. kostn. leikskóla - Starfsmannabjónusta	D417	18	125.952	5.267	131.202	100.599	(30.603)	130%
Endurúthlutun	D418			23.812	23.812	(236.999)	(260.810)	-10%
Leikskólar	LSR10	1.033.028	6.227.117	1.674.292	6.868.380	6.675.901	(192.479)	103%
Sjálfstætt starfandi leikskólar	LSR12	16.724	(368)	1.062.529	1.045.437	1.083.662	38.225	96%
<i>Dagforeldrar, þjónustutrygging og sveitarfélög:</i>								
Gr. til sveitarfél.v/dagvistarpl.	D1300			24.537	24.537	21.745	(2.792)	113%
Gr.frá sveitarfél.v/dagvistarpl.	D1400	27.179			(27.179)	(27.220)	(41)	100%
Dagforeldrar	D605			327.454	327.454	380.840	53.386	86%
Dagforeldrar sameiginl. kostn.	D606			2.027	2.027	9.938	7.911	20%
Þjónustutrygging	D610	164		231.702	231.538	184.779	(46.759)	125%
		27.343		585.721	558.378	570.082	11.704	98%
<i>Miðlæg þjónusta og safnliðir:</i>								
Ráðgjafar- og sálfræðipj. (RÁS)	D010			549	549		(549)	
Leikskólar - skuldabréf	D2000			62	62		(62)	
Leikskólasv. þjónustumiðstöðvar	D440			96.845	96.845	92.051	(4.794)	105%
Lausafjárkaup leikskóla	D450		11.799	46.973	58.772	58.978	206	100%
Gæsluleikvællir	D500			71	71		(71)	
			11.799	144.501	156.300	151.029	(5.270)	103%
<i>Styrkir til leikskólamála:</i>								
Námsstyrkir	D654		21.970		21.970	29.881	7.912	74%
Alm. styrkir og þróunarsjóður	D655			12.640	12.640	11.000	(1.640)	115%
			21.970	12.640	34.610	40.881	6.272	85%
<i>Annað:</i>								
Hlutd. í sameiginl. kostn. (LKS)	D9000			6.085	6.085	6.085		100%
Innri leiga áhalda og tækja	D9997			20.157	20.157	17.109	(3.048)	118%
				26.242	26.242	23.194	(3.048)	113%
Leikskólasvið samtals		1.079.370	6.470.522	3.550.991	8.942.143	8.809.005	(133.139)	102%

10 Útgefið efni 2009

- Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs 2010
- Ársskýrsla Leikskólasviðs 2008
- Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar
- Greining á starfi aðstoðarleikskólastjóra
- Viðhorf foreldra til leikskólastarfs í Reykjavík
- Aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir
- Þjálfun barna á leikskólatíma – skýrsla starfshóps



11 Yfirlit yfir leikskóla Reykjavíkurborgar 2009–2010

Skóli	Heimilisfang	Póstnúmer	Veffang
Arnarborg	Maríubakka 1	109 Reykjavík	http://www.arnarborg.is/
Austurborg	Háaleitisbraut 70	103 Reykjavík	http://www.austurborg.is/
Álftaborg	Safamýri 32	108 Reykjavík	http://www.alftaborg.is/
Árborg	Hlaðbæ 17	110 Reykjavík	http://www.arborg.is/
Ásborg	Dyngjuvegi 18	104 Reykjavík	http://www.asborg.is/
Bakkaborg	Blöndubakka 2	109 Reykjavík	http://www.bakkaborg.is/
Bakki	Bakkastöðum 77	112 Reykjavík	http://www.bakki.is/
Barónsborg	Barónsstíg 70	101 Reykjavík	http://www.baronsborg.is/
Berg	v/Kléberg	116 Reykjavík	http://www.berg.is/
Blásalir	Brekknás 4	110 Reykjavík	http://www.blasalir.is/
Brákarborg	Brákarsundi 1	104 Reykjavík	http://www.brakarborg.is/
Brekkuborg	Hlíðarhúsum 1	112 Reykjavík	http://www.brekkuborg.is/
Drafnarborg	Drafnarstíg 4	101 Reykjavík	http://www.drafnarborg.is/
Dvergasteinn	Seljavegi 12	101 Reykjavík	http://www.dvergasteinn.is/
Engjaborg	Reyngi 11	112 Reykjavík	http://www.engjaborg.is/
Fálkaborg	Fálkabakka 9	109 Reykjavík	http://www.falkaborg.is/
Fellaborg	Völvufelli 9	111 Reykjavík	http://www.fellaborg.is/
Fífuborg	Fífurima 13	112 Reykjavík	http://www.fifuborg.is/
Foldaborg	Frostafoeld 33	112 Reykjavík	http://www.foldaborg.is/
Foldakot	Logafoeld 18	112 Reykjavík	http://www.foldakot.is/
Funaborg	Funafold 42	112 Reykjavík	http://www.funaborg.is/
Furuborg	v/Áland	108 Reykjavík	http://www.furuborg.is/
Garðaborg	Bústaðavegi 81	108 Reykjavík	http://www.gardaborg.is/
Geislabaugur	Kristnibraut 26	113 Reykjavík	http://www.geislabaugur.is/
Grandaborg	Boðagranda 9	107 Reykjavík	http://www.grandaborg.is/
Grænaborg	Eiríksögðu 2	101 Reykjavík	http://www.graenaborg.is/
Gullborg	Rekagranda 14	107 Reykjavík	http://www.gullborg.is/
Hagaborg	Fornhaga 8	107 Reykjavík	http://www.hagaborg.is/
Hamraborg	Grænuhlíð 24	105 Reykjavík	http://www.hamraborg.is/
Hamrar	Hamravík 12	112 Reykjavík	http://www.hamrar.is/
Hálsaborg	Hálsaseli 27	109 Reykjavík	http://www.halsaborg.is/
Hálsakot	Hálsaseli 29	109 Reykjavík	http://www.halsakot.is/
Heiðarborg	Selásbraut 56	110 Reykjavík	http://www.heidarborg.is/
Hlíðaborg	Eskihlíð 19	105 Reykjavík	http://www.hlidaborg.is/
Hlíðarendi	Laugarásvegi 77	104 Reykjavík	http://www.hlidarendi.is/
Hof	Gullteig 19	105 Reykjavík	http://www.hof.is/
Holtaborg	Sólheimum 21	104 Reykjavík	http://www.holtaborg.is/
Hólaborg	Suðurhólum 21	111 Reykjavík	http://www.holaborg.is/
Hraunborg	Hraunbergi 12	111 Reykjavík	http://www.hraunborg.is/
Hulduheimar	Vættaborgum 11	112 Reykjavík	http://www.hulduheimar.is/

Jöklaborg	Jöklaseli 4	109 Reykjavík	http://www.joklaborg.is/
Jörfi	Hæðargarði 27a	108 Reykjavík	http://www.jorfi.is/
Klambrar	Háteigsvegi 33	105 Reykjavík	http://www.klambrar.is/
Klettaborg	Dyrhömrum 5	112 Reykjavík	http://www.klettaborg.is/
Kvarnaborg	Árkvörn 4	110 Reykjavík	http://www.kvarnaborg.is/
Kvistaborg	Kvistalandi 26	108 Reykjavík	http://www.kvistaborg.is/
Laufskálar	Laufrima 9	112 Reykjavík	http://www.laufskalar.is/
Laugaborg	v/Leirulæk	105 Reykjavík	http://www.laugaborg.is/
Lindarborg	Lindargötu 26	101 Reykjavík	http://www.lindarborg.is/
Lyngheimar	Mururima 2	112 Reykjavík	http://www.lyngheimar.is/
Lækjaborg	v/Leirulæk	105 Reykjavík	http://www.laekjarborg.is/
Maríuborg	Maríubaug 3	113 Reykjavík	http://www.mariuborg.is/
Múlaborg	Ármúla 8a	108 Reykjavík	http://www.njalsborgborg.is/
Njálaborg	Njálsgötu 9	101 Reykjavík	http://www.njalsborg.is/
Nóaborg	Stangarholti 11	105 Reykjavík	http://www.noaborg.is/
Rauðaborg	Viðarási 9	110 Reykjavík	http://www.raudaborg.is/
Rauðhóll	Sandavaði 7	110 Reykjavík	http://www.raudholl.is/
Reynisholt	Gvendargeisla 13	113 Reykjavík	http://www.reynisholt.is/
Rofaborg	Skólabæ 6	110 Reykjavík	http://www.rofaborg.is/
Seljaborg	Tunguseli 2	109 Reykjavík	http://www.seljaborg.is/
Seljakot	Rangárseli 15	109 Reykjavík	http://www.seljakot.is/
Sjónarhóll	Völundarhúsum 1	112 Reykjavík	http://www.sjonarholl.is/
Skógarborg	v/Áland	108 Reykjavík	http://www.skogarborg.is/
Sólbakki	Stakkahlíð 19	105 Reykjavík	http://www.solbakki.is/
Sólborg	Vesturhlíð 1	105 Reykjavík	http://www.solborg.is/
Sólhlíð	v/Engihlíð	105 Reykjavík	http://www.solhlid.is/
Stakkaborg	Bólstaðarhlíð 38	101 Reykjavík	http://www.stakkaborg.is/
Steinahlið	v/Suðurlandsbraut	108 Reykjavík	http://www.steinahlid.is/
Suðurborg	Suðurhólum 19	111 Reykjavík	http://www.sudurborg.is/
Sunnuborg	Sólheimum 19	104 Reykjavík	http://www.sunnuborg.is/
Sæborg	Starhaga 11	107 Reykjavík	http://www.saeborg.is/
Tjarnarborg	Tjarnargötu 33	101 Reykjavík	http://www.tjarnarborg.is/
Vesturborg	Hagamel 55	107 Reykjavík	http://www.vesturborg.is/
Vinagerði	Langagerði 1	108 Reykjavík	http://www.vinagerdi.is/
Völvuborg	Völvufelli 7	111 Reykjavík	http://www.volvuborg.is/
Ægisborg	Ægisíðu 104	107 Reykjavík	http://www.aegisborg.is/
Öldukot	Öldugötu 19	101 Reykjavík	http://www.oldukot.is/
Ösp	lðufelli 16	111 Reykjavík	http://www.osp.is/